


Hafnarfjarðarbær  
B.t. Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðarbæjar  
Norðurhelli 2  
221, Hafnarfirði

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	15.11.2017
Málsnr:	1710360
Bréfal:	512

Hafnarfirði 13.11.2017

### Efni: Athugasemd við breytingu á greinargerð og skipulagsskilmálum Valla 6

Þann 18.10.2017 barst mér bréf þar sem kynnt var breyting á greinargerð og skipulagsskilmálum Valla 6, kom þetta bréf í framhaldi af kvörtun minni vegna staðsetningar biðskýlis við Hnoðravelli/Hvannavelli (sjá fylgiskjal 1). Í bréfinu er tekið fram að þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hafi kost á að gera athugasemdir við breytinguna. Þar sem ég tel mig eiga hagsmuni að gæta vegna breytingarinnar koma hér mínar athugasemdir:

Ég tel rétt að nefna að biðskýlinu var komið fyrir á meðan deiliskipulag með greinargerð og skipulagsskilmálum (útgáfa 0.3 – 09.01.2007) var í gildi. Ég get ekki séð að biðskýlið rúmist innan þeirra greinargerða og skilmála sem teknir eru fram í deiliskipulaginu og tel það ekki setja gott fordæmi fyrir bæjarbúa þegar Hafnarfjarðarbær fer í framkvæmdir án þess að þær falli undir skipulag. Réttu leiðin hlýtur að felast í því að breyta fyrst skipulaginu og fara svo í framkvæmdina.

Stoppistöðin hefur þau áhrif að almenningsvagnar stöðva fyrir utan hús mitt reglulega með tilheyrandi sjón-, hljóð- og útblástursmengun. Einnig veldur stoppstöðin því að einstaklingar fara reglulega í gegnum lóðina hjá mér þegar þeir koma og fara úr vagninum. Þegar ég keypti eignina Hnoðravelli 6 gerði ég ekki ráð fyrir því að svo myndi verða þar sem skipulag gerði ekki ráð fyrir biðskýli eða stoppstöð fyrir utan húsið hjá mér. Ég sé fram á að þurfa að setja upp girðingu við lóðarmörk til þess að takmarka umgang og minnka hljóð- og sjónmengun.

Biðskýlinu var komið fyrir á miðjum göngustíg og skv. svari frá Helgu Stefánsdóttur (sjá fylgiskjal 1) var ekki möguleiki á annarri staðsetningu. Þetta hefur áhrif á bæði gangandi og hjólandi vegfarendur, einnig gæti orðið erfitt fyrir snjómoksturstaeki að athafna sig með skýlið á miðjum göngustíg. Ég tel staðsetninguna valda slyshættu fyrir hjólandi vegfarendur þar sem skýlið er úr gleri á miðjum stígnum.

Þegar kemur að grenndarkynningunni þá var erindið sent á eigendur Hafravalla 1,2,3,4 og 5 og eigendur Hnoðravalla 1,2,3,4 og 6. Breytingin nær til Valla 6 skv. kynningunni og tel ég því eðlilegast að allir húseigendur á Völlum 6 fái tilkynningu/erindi sent þar sem breytingin nær ekki eingöngu til Hafravalla og Hnoðravalla.

Ég fer fram á að biðskýlið verði fjarlægt þar sem þar rúmast ekki innan deiliskipulags, verði það ekki niðurstaðan legg ég til að Hafnarfjarðarbær greiði fyrir girðingu/skjólvegg með uppsetningarkostnaði á lóðarmörkum mínum til að lágmarka áhrifin af þessari framkvæmd.

\*\*\*

Vinsamlegast hafið samband við undirritaðan ef óskað er frekari upplýsinga eða gagna í síma 868-7778 eða í tölvupósti á netfangið [eddi@hedinn.is](mailto:eddi@hedinn.is)

  
Eðvarð Ingi Björgvinsson



## Fylgiskjal 1

Sæl Helga,

Hvernig er staðan á þessu máli?

Er betra fyrir mig að skila inn formlegu erindi?

*Með bestu kveðju / With best regards*

*Eðvarð Ingi Björgvinsson*

On 4 Sep 2017, at 12:24, Helga Stefánsdóttir <[Helgas@hafnarfjordur.is](mailto:Helgas@hafnarfjordur.is)> wrote:

Sæll, verið er að skoða þetta.

KV.HS

Helga Stefánsdóttir, verkfræðingur  
forstöðumaður framkvæmda- og rekstrardeildar

Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar  
Norðurhelli 2 I 221 Hafnarfjörður  
sími: 585-5500 I fax 585-5639

From: Eðvarð Ingi Björgvinsson [<mailto:eddi@hedinn.is>]

Sent: mánudagur, 4. september 2017 08:00

To: Helga Stefánsdóttir <[Helgas@hafnarfjordur.is](mailto:Helgas@hafnarfjordur.is)>

Cc: Sigurður Haraldsson <[SiggiH@hafnarfjordur.is](mailto:SiggiH@hafnarfjordur.is)>

Subject: RE: Skýli og stoppistöð almenningsvagna Hvannavöllum/Hnoðravöllum

Sæl Helga,

Takk fyrir svarið.

Ég held að á einfaldann hátt hefði verið hægt að staðsetja strætóskýlið betur, t.d. með því að hafa opið út úr hliðinni á því, þá hefði ekki þurft að snerta göngustíginn.

En þetta svarar ekki spurningunni um deiliskipulagsbreytingu eða aðra samþykkt sem nær yfir staðsetninguna á þessari stoppistöð (sjá spurningu 1. að neðan). Ég myndi endilega vilja fá svar við þeirri spurningu þar sem íbúar í kringum stoppistöðina eru ekki sáttir með þessa framkvæmd eða stoppistöðina almennt.

Það er ekki þörf fyrir þessa stoppistöð þar sem hámarks göngufjarlægð fá heimili í stoppistöð á að vera innan 500m. Það eru 585m milli endastöðvar og næstu stöðvar sem þýðir aldrei meira en 293m göngufjarlægð:

[\[cid:image002.png@01D32578.B0F49AC0\]](#)

Með bestu kveðju / With best regards

[\[cid:image001.png@01D0414A.A0A3A950\]](#)

Eðvarð Ingi Björgvinsson  
Deildarstjóri Rolls-Royce Marine Deildar  
Head of Rolls-Royce Marine Department  
' : +(354) 5692138  
' : +(354) 6602138  
Gjáhella 4  
221 Hafnarfjörður  
[www.hedinn.is](http://www.hedinn.is)

From: Helga Stefánsdóttir [<mailto:Helgas@hafnarfjordur.is>]  
Sent: 1. september 2017 15:01  
To: Eðvarð Ingi Björgvinsson  
Cc: Sigurður Haraldsson  
Subject: RE: Skýli og stoppistöð almenningsvagna Hvannavöllum/Hnoðravöllum

Sæll Eðvarð,

Við munum fara yfir málið. En það er ekki óska staðan að setja skýli inn á stíginn en það var eini möguleikinn þar sem bærinn á ekki svæði aftan skýlisins.

KVHS

Helga Stefánsdóttir, verkfræðingur  
forstöðumaður framkvæmda- og rekstrardeildar

Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar  
Norðurhelli 2 I 221 Hafnarfjörður  
sími: 585-5500 I fax 585-5639

From: Sigurður Haraldsson  
Sent: fimmtudagur, 24. ágúst 2017 10:25  
To: Helga Stefánsdóttir <[Helgas@hafnarfjordur.is](mailto:Helgas@hafnarfjordur.is)<<mailto:Helgas@hafnarfjordur.is>>>  
Subject: FS: Skýli og stoppistöð almenningsvagna Hvannavöllum/Hnoðravöllum

---

Frá: Eðvarð Ingi Björgvinsson [[eddi@hedinn.is](mailto:eddi@hedinn.is)]

Sent: 24. ágúst 2017 10:20

Til: Sigurður Haraldsson

Efni: Skýli og stoppistöð almenningsvagna Hvannavöllum/Hnoðravöllum

Góðan dag,

Nú veit ég ekki hvort fyrirspurninni er beint á réttan stað, endilega láttu mig þá vita hvern ég á að hafa samband við.

Varðandi: Stoppistöð almenningsvagna á gatnamótum Hvannavalla og Hnoðravalla/Hafravelli. Meðfylgjandi eru myndir af stoppistöðinni sem verið er að setja upp.

Ég hef tvær spurningar:

1. Hvar finn ég deiliskipulagsbreytingu eða aðra samþykkt sem nær yfir staðsetningu stoppistöðvarinnar?

Skv. því deiliskipulagi sem ég finn á vef bæjarins fyrir Velli 6 kemur fram:

### 3.11 Almenningsgöngur

Leið almenningsvagna inn í hverfið er um Hvannavelli og að endastöð í austurenda sömu götu. Ekki er gert ráð fyrir annarri stoppistöð en endastöðinni.

Miðað er við að hámarks göngufjarlægð frá heimili að stoppistöð verði 700 m frá einbýlishúsum og 500 frá fjölbýlishúsum.

2. Er staðsetning skýlisins (á miðjum göngustíg) samkvæmt venjum og samþykktum bæjarins?

Með fyrirfram þökk,

Með bestu kveðju / With best regards

[\[cid:image001.png@01D0414A.A0A3A950\]](#)

Eðvarð Ingi Björgvinsson

Deildarstjóri Rolls-Royce Marine Deildar

Head of Rolls-Royce Marine Department

': +(354) 5692138

': +(354) 6602138

Gjáhella 4

221 Hafnarfjörður

MailScanner has detected a possible fraud attempt from "urlblockederror.aspx" claiming to be [www.hedinn.is](http://www.hedinn.is)<UrlBlockedError.aspx>

Skilmálar / Disclaimer<<http://hedinn.is/disclaimer>>

FYRIRVARI / DISCLAIMER<<http://www.hafnarfjordur.is/stodflokkar/fyrirvari>>

FYRIRVARI / DISCLAIMER<<http://www.hafnarfjordur.is/stodflokkar/fyrirvari>>

FYRIRVARI / DISCLAIMER<<http://www.hafnarfjordur.is/stodflokkar/fyrirvari>>

<image002.png>

<image003.png>